

Nr. 53.  
10.  
nóvbr.

4. gr.

Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi ekki tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 450,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. og 2. greinar. Stjórninni veitist og heimild til að setja strandskipin að veði til tryggingar þeim hluta lánsupphæðarinnar, sem út á þau kann að fást.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*H. Hafstein.*

Nr. 54.  
10.  
nóvbr.

## L ö g

um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningar-rjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til

staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það Nr. 54. breytingar, ef þær eru samþyktaðar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, fer um það svo sem fyr segir. 10.  
nóvbr.

Frumvarp til samþyktaðar, er eigi hefir náð  $\frac{2}{3}$  atkvæða á samþyktaðarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyrir en á næsta aðalfundi hennar.

#### 4. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

#### 5. gr.

Í samþykkt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykkt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

#### 6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþykktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**